

Nr. 013 / 15 Sturla GK 12***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1272
Smíðaður: Noregi 1967, stál
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m
Vél: MaK 742kW, 1967
Fjöldi skipverja: 14



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. október 2014 var Sturla GK 12 að línuveiðum í Berufjarðardýpi. Veður: N 5-15 m/s. Ölduhæð 4 m.

Á drættinum tók skipið dýfu á öldu og einn skipverja, sem var að blóðga fisk, rann til á þilfarinu en við það kom sveifla á líkamann svo hann rak hnífinn á kaf í vinstri framhandlegg.

Búið var um sárið og klárað var að draga lögnina og síðan siglt með slasaða til hafnar þar sem honum var komið til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á veiðum í slæmu veðri og miklum veltingi;
- að þilfarið var hált og sleipt vegna mikils afla á stuttum tíma.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.